

Fimm ára áætlun um innra mat í Grunnskólanum á Ísafirði.

Mat á skólastarfi er lögboðið og tekur til bæði ytra og innra mats. Innra mat skal vera í samræmi við skólanámskrá og er á ábyrgð skólastjóra. Skólar skulu gera fimm ára áætlun sem tekur til mats á öllum þáttum sem tilgreindir eru í skólanámskrá, áherslupætti grunnskólalaga, ákvæði í aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags. Markmið með innra mati í GÍ eru nokkur, meðal annars að:

- veita sveitarfélaginu, foreldrum, starfsmönnum skólans, nemendum og öðrum hagsmunaaðilum upplýsingar um skólastarfið.
- afla upplýsinga til að byggja á við umbótastarf í skólanum.
- tryggja að starfssemi skólans sé í smræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár.

Auk þessa eru sett sérstök markmið vegna einstakra matsverkefna eftir aðstæðum hverju sinni. Skrifuð er sérstök skýrsla vegna hvers matsverkefnis þar sem markmiðum, aðferðum og umbótum er lýst. Starfsfólk skólans hefur skilgreint grunnþætti menntunar út frá sérstökum áherslum í skólastarfinu og útbúið matsblað sem nota á til að meta hvernig grunnþættirnir birtast í starfi skólans.

Matsþættir	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Líðan og þarfir nemenda.	x	x	x	x	x
Stefna skólans, kennsluhættir og uppeldisfræðileg stefna.		x			x
Grunnþættir menntunar og áhersluatriði aðalnámskrár í skólabrag og kennsluáætlunum.	x			x	
Markmið náms.				x	
Námsmat og vitnisburðarkerfi.	x		x		
Innra mat.					x
Áætlanir um umbætur og þróunarstarf.	x	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun.		x		x	
Samstarf við aðila utan skólann og tengsl við nærsamfélag.			x		
Skóli án aðgreiningar			x		
Nám og námsárangur.		x		x	
Kennsluhættir og gæði kennslu.	x			x	
Fagmennska og samstarf.		x			x
Stjórnun skólans, viðhorf foreldra og starfsmanna.	x			x	
Starfsfólk, líðan og þarfir, starfsandi og símenntun.	x		x		x
Stoðþjónusta.			x		
Ýmsar áætlanir sem tengjast skólastarfinu.					x
Fjöldi matsverkefna	7	6	7	8	7

Helstu aðferðir og gögn sem notuð verða við matið.

<i>Líðan og þarfir nemenda.</i> Metið með spurningakönnunum t.d. Skólapúls, Ungt fólk, tengslakannanir í bekkjum, eigin kannanir á líðan gerðar á hverju ári,
<i>Stefna skólans, kennsluhættir og uppeldisfræðileg stefna.</i> Metið með textagreiningu á því hversu vel stefna skólans samræmist uppeldisfræðilegum gildum settum fram í Aðalnámskrá. Kennsluhættir metnir með könnun fyrir kennara og eldri nemendur.
<i>Grunnþættir menntunar og áhersluatriði aðalnámskrár í skólabrag og kennsluáætlunum.</i> Metið með matsblaði er fylgir skilgreiningum sem skólinn hefur sett fram.
<i>Markmið náms.</i> Metið með samanburði á kennsluáætlunum og markmiðum í Aðalnámskrá fyrir alla árganga.
<i>Námsmat og vitnisburðarkerfi.</i> Skoðað hversu vel matskerfi skólans samræmist þeim viðmiðum sem Menntamálastofnun hefur gefið út.
<i>Innra mat.</i> Áætlun um mat og matsskýrslur yfirfarnar og metið að hversu miklu leyti matið uppfyllir skilyrði um að taka á öllum þáttum skólanámskrár á fimm ára tímabili. Einnig hversu kerfisbundið matið er og lagt mat á áreiðanleika út frá gögnum úr ytra mati eða mati frá öðrum aðilum sem koma að mati á skólastarfi.
<i>Áætlanir um umbætur og þróunarstarf.</i> Metið í tengslum við umbótaáætlanir á hverju ári.
<i>Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun.</i> Metið með spurningakönnun og með gögnum úr könnunum Skólapúls.
<i>Samstarf við aðila utan skólann og tengsl við nærsamfélag.</i> Samstarf skólans við nærsamfélagið endurmetið með tilliti markmiða og gagnsemi og laga og reglugerða. Matið ná til samstarfs við t.d. íþróttafélög, félög tengd menningar- og fræðslustarfsemi, önnur félagasamtök og atvinnulíf.
<i>Skóli án aðgreiningar.</i> Lagt mat á þær lausnir sem skólinn býður upp á til að mæta sérstökum þörfum nemenda.
<i>Nám og námsárangur.</i> Skoðaður framfarastuðull nemenda GÍ í samræmdum prófum í 7. og 10 (9).bekk. Staða skólans metin út frá niðurstöðum samræmdra prófa og annarra prófa er Menntamálastofnun leggur fyrir.
<i>Kennsluhættir og gæði kennslu.</i> Kennarar útbúa sameiginlega viðmið um gæði kennslu og meta eigin kennslu samkvæmt þeim. Kennsluhættir metnir með spurningakönnun til kennara og nemenda.
<i>Fagmennska og samstarf.</i> Lagt mat á samstarf á faglegum grunni innan og utan skólans svo sem samstarf faggreinakennara, umsjónarkennara, samstarf við sérfræðinga sem sinna stoðþjónustu og símenntunaraðila.
<i>Stjórnun skólans, viðhorf foreldra og starfsmanna.</i> Metið með spurningakönnun til starfsmanna, nemenda og foreldra, einnig stuðst við upplýsingar úr foreldrakönnun Skólapúls.
<i>Starfsfólk, líðan og þarfir, starfsandi og símenntun.</i> Metið í starfsmannasamtölum, með spurningakönnun til starfsmanna og í starfsmannakönnun Skólapúls, einnig verður stuðst við upplýsingar úr könnun sem Ísafjarðarbær lætur gera meðal allra starfsmanna ef við á.
<i>Stoðþjónusta.</i> Metið með spurningakönnun til kennara og foreldra.
<i>Ýmsar áætlanir sem tengjast skólastarfinu.</i> Athugað hvort skólinn hefur gert allar tilskildar áætlanir samkvæmt því sem talið er upp í aðalnámskrá og hvort þær eru birtar á heimasíðu. Hver áætlun fyrir sig einnig endurmetin af starfsmönnum.